



Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Á fundi velferðarráðs þann 21. ágúst 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn frá fulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins spurði nýlega um upplýsingagjöf til eldri borgara og lagði áherslu sérstaklega á þá sem nota ekki tölvur. Í svari kemur fram að bæklingar séu sendir heim til allra 75 ára og eldri. Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur skoðað þennan bækling og rætt innihald hans við nokkra eldri borgara. Bæklingurinn lítur vissulega vel út en spurningin er hvort allt standist sem sagt er í honum. Það eru eldri borgarar sem segja sínar farir ekki sléttar þegar leitað er eftir þjónustu. Sem dæmi stendur í bæklingnum að sundkennsla sé í boði. Ef svo er gott að vita í hvaða sundlaug, dagsetningu og hvaða tíma dags. Varðandi heimkeyrslu til læknis eru dæmi um að einstaklingur þurfi að bíða ansi lengi eftir þjónustu, allt að 40 mínútur. Fólk fer til læknis vegna veikinda og líður ekki vel að bíða svo lengi eftir akstri. Fyrirspurnir: Hvað þarf að bíða lengi eftir að fá Rauðakross vin í heimsókn eftir að beiðni berst? Matur sendur heim, er hann sendur heim um helgar? Hvað er meðaltal biðtíma eftir heimkeyrslu? Í hvaða sundlaugum er sundkennsla í boði og á hvaða dögum og tímum er kennslan?

Svar:

a) *Hvað þarf að bíða lengi eftir að fá Rauðakross vin í heimsókn eftir að beiðni berst?* Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg Rauða Kross Íslands er misjafnt hversu langan tíma það tekur að finna heimsóknavin fyrir tiltekinn gestgjafa. Leitað er að heppilegum sjálfbóðaliða miðað við þær upplýsingar sem koma fram í umsókn gestgjafa, svo sem; aldur, kyn, búseta, áhugamál o.fl. Gestgjafi þarf síðan að samþykka þann sjálfbóðaliða sem honum er boðinn.

b) *Matur sendur heim, er hann sendur heim um helgar?*

Matur er sendur heim um helgar.

<https://reykjavik.is/thjonusta/heimsendan-mat-og-hadegisverd>

c) *Hvað er meðaltal biðtíma eftir heimkeyrslu?*

Þegar umsókn um heimsendan mat hefur verið samþykkt af þjónustumiðstöð og notandi hefur pantað máltíðir til lengri eða skemmri tíma hjá framleiðslueldhúsi er maturinn keyrður heim að dyrum næsta dag. Heimkeyrsla fer fram á tímabilinu 8.30 til 16.00 alla daga vikunnar.

d) *Í hvað sundlaugum er sundkennsla í boði og á hvaða dögum og tímum er kennslan?*

Sundkennsla ÍTR veturinn 2019-2020 er inni í Sundhöllinni á föstudögum kl. 07:30.

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_svida/stundatafla_2019-2020_2_0.pdf